

Samspil hryðjuverka og fjölmiðlaumfjöllunar

Maj Britt Kolbrún Snorradóttir

Lokaverkefni til B.A.-gráðu í félags- og fjölmiðlafræði

Leiðbeinandi: Viðar Halldórsson

Félags- og mannvísindadeild

Félagsvísindasvið Háskóla Íslands

Febrúar 2017

Ritgerð þessi er lokaverkefni til B.A.-gráðu í félags- og fjölmiðlafræði og er óheimilt að afrita ritgerðina á nokkurn hátt nema með leyfi rétthafa.

© Maj Britt Kolbrún Snorradóttir 2017

Reykjavík, Ísland 2017

Útdráttur

Ljóst er að hryðjuverk leiða til fjölmiðlaumfjöllunar, en ýtir umfjöllunin undir frekari hryðjuverk? Flestir hryðjuverkamenn þurfa áhorfendur, eins og fréttastöðvar, og notfæra sér fjölmiðla til að koma málstað sínum og voðaverkum á framfæri. Fólk hefur mismunandi skoðanir á því hvort og hvernig fjölmiðlar eigi að fjalla um hryðjuverk, en fréttir um þau varða okkur öll. Markmiðið með verkefninu er að skoða og fjalla um þessar ólíku skoðanir á samspili hryðjuverka og fjölmiðlaumfjöllunar. Niðurstöður nýlegru rannsóknarinnar *Media and Terrorism* styðja þá tilgátu að fjölmiðlaumfjöllun um hryðjuverk leiði til frekari hryðjuverka. Fjallað verður um það þegar bresk yfirvöld töldu sig hafa lausn á því með því að banna alla fjölmiðlaumfjöllun um hryðjuverk og þá sérstaklega voðaverk IRA samtakanna. Aðrir telja að fjölmiðlaumfjöllun eigi að vera frjálst í lýðræðislegum samfélögum. Fjallað verður um hvaða vandamál geta komið upp við fréttáflutning um hryðjuverk og hvernig fjölmiðlar geta haft áhrif á upplifun fólks með umfjöllun sinni um þau. Út frá þessum mismunandi sjónarhornum og umfjöllunum ætti áherslan mögulega frekar að vera sú hvernig fjölmiðlar eigi að fjalla um hryðjuverk en ekki hvort þeir eigi að fjalla um þau, þar sem ljóst er að hryðjuverk munu alltaf fá athygli frá almenningi og hryðjuverkamenn geta notað samfélagsmiðla í stað fjölmiðla.

Formáli

Ritgerð þessi er lokaverkefni til B.A. gráðu í félags- og fjölmiðlafræði við félags- og mannvísindadeild Háskóla Íslands. Hún vegur 12 einingar af 180 eininga námi. Leiðbeinandi minn var Viðar Halldórsson, lektor við Háskóla Íslands, og vil ég þakka honum kærlega fyrir góða leiðsögn og ábendingar við gerð verkefnisins. Einnig vil ég þakka Júlíusi Þór Halldórssyni, kærasta mínum, fyrir alla hjálpina og yfirferðina.

Efnisyfirlit

Útdráttur.....	3
Formáli.....	4
Inngangur.....	6
Innrömmunaráhrif fjölmiðla (e. Framing effects)	7
Samspil hryðjuverka og fjölmiðlaumfjöllunar	8
Mögnunaráhrif fjölmiðla	16
Vandamál við fréttáflutning um hryðjuverk.....	17
Fjölmiðlahryðjuverk (e. Media terrorism).....	20
Breska fjölmiðlabannið við hryðjuverkaumfjöllun	22
Nýleg rannsókn um áhrif fjölmiðlaumfjöllunar á hryðjuverk	26
Umræða	28
Heimildaskrá	34

Inngangur

Þann 1. ágúst árið 2015 birtist frétt á heimasíðu The Guardian sem ber titilinn *Media Coverage of terrorism ,leads to further violence'*. Sú frétt vakti máls á því hvort fjölmiðlaumfjöllun um hryðjuverk geti leitt til frekari hryðjuverka. Markmiðið með verkefninu er að skoða allar hliðar málsins og að svara spurningum eins og: Ætti að banna alla fjölmiðlaumfjöllun um hryðjuverk? Hver eru rökin með og á móti því? Geta fjölmiðlar komið fórnarlömbum í frekari hættu með umfjöllun sinni og hvernig þá? Skapa fjölmiðlar óþarfa ótta og ýkja atburðina einungis til þess að fá meiri athygli en keppinautar sínir? Hryðjuverkasamtök og fjölmiðlar eiga það sameiginlegt að sækjast eftir og græða á athygli almennings. Hryðjuverkamenn notfæra sér fjölmiðla til að senda út þau skilaboð sem þeir vilja dreifa. Er þar af leiðandi hægt að segja að fjölmiðlar hvetji tilvonandi hryðjuverkamenn með umfjöllun sinni þar sem þeir sjá fram á að fá þá athygli sem þeir vilja? Skapa fjölmiðlar hryðjuverk, þar sem umfjöllun þeirra er oftast ómissandi hluti af þeirri athygli sem hryðjuverkamenn þarfnast? Mætti jafnvel segja að helsti tilgangur hryðjuverka sé að fá athygli fjölmiðla?

Fjölmiðlar spila stóran þátt í daglegu lífi flestra. Áður fyrr las fólk blöðin og horfði á fréttirnar en með aukinni tækni eru fjölmiðlar mun aðgengilegri og áhuginn það mikill að fólk skoðar snjalltækið sitt stanslaust til að fá nýjustu fréttir af atburðum víða um heim. Hryðjuverk eru síður en svo ný af nálinni og varða alla þar sem þau eru bæði óvænt og afdrifarík. Þeim hefur þó fjölgað verulega í gegnum árin og í dag birtast fréttir um þau nánast daglega. Samkvæmt gögnum frá Global Terrorism Database (GTB) voru 1.395 hryðjuverkaárásir framdar árið 1998, en árið 2012 voru þær 8.441 talsins (Jetter, 2014: 1). Þrátt fyrir að fréttir um hryðjuverk séu ógnvekjandi fylgist fólk með þeim til að vera vel upplýst fyrir mögulega árás. Þar af leiðandi er bæði mikilvægt og áhugavert að skoða hvernig sambandinu á milli hryðjuverka og fjölmiðla er háttað. Sumir halda því fram að fjölmiðlar eigi ekki að gefa hryðjuverkamönnum þá athygli sem þeir sækjast eftir. Í því samhengi verður fjallað um breska fjölmiðlabannið við hryðjuverkaumfjöllun, en það var í gildi áður en netið og samfélagsmiðlar komu til sögunnar. Fjallað verður um orsakir, aðdraganda og afleiðingar bannsins, hvaða rök voru sett fram með og á móti, og hvort slíkt bann sé yfir höfuð raunhæft í lýðræðisríkjum nútímans.

Innrömmunaráhrif fjölmiðla (e. Framing effects)

Hlutverk fjölmiðla er að veita okkur upplýsingar og afþreyingu. Miðlar (e. media) vísa til allra þátta sem miðla upplýsingum og afþreyingu. Fjölmiðlar (e. mass media) er hinsvegar hugtak sem nær eingöngu yfir dagblöð, útvarp, sjónvarp og aðra mikilvæga samskiptamáta eins og bækur, kvikmyndir, tónlist, leikhús og sjónrænar listir. Þrátt fyrir tækniframfarir í lok tuttugustu aldar berast fréttir oft á milli fólks þegar það hittist í eigin persónu (Wilkinson, 2011: 149).

Með innrömmunaráhrifum (e. framing effects) er átt við að með því að ramma inn fréttir af ákveðnum atburðum taka fjölmiðlar afstöðu og stýra umræðunni. Því er hægt að segja að fjölmiðlar sýni ekki spegilmynd af heiminum; þeir velja og búa til fréttir af því sem er að gerast í honum og fjalla á sinn hátt um vissa atburði (Barrat, 1986: 100). Fjölmiðlar velja þar af leiðandi hvaða fréttir þeir leggja áherslu á og hvaða atburði þeir hunsa. Eins og Cohen fjallaði um árið 1963 þá segja fjölmiðlar okkur ekki hvaða skoðun við eigum að hafa heldur hvað við eigum að hugsa um. Bandaríski grínistinn Will Rogers hafði gaman af því að byrja pólitíska háðsádeilu sína á orðunum: „Það eina sem ég veit, er það sem ég hef lesið í dagblöðunum“ (Matusitz, 2013: 111-112; McCombs, 2004: 71).

Rammi hefur í för með sér skema af túlkunum; dæmisögur og staðalmyndir sem einfalda fólki að skilja hinn flókna veruleika. Fjölmiðlar viðhalda þannig ríkjandi túlkun almennings á hlutum og viðburðum með umfjöllun sinni. Á 19. öld voru hugmyndir sem tengjast hryðjuverkum rammaðar inn af fjölmiðlum sem birtu ýktar myndir af hryðjuverkamönnum í dagblöðum, sem sýndu þá sem brjáláða og skeggjaða sprengjumenn. Fjölmiðlakerfið rammaði inn þá hugmynd að öfgafullt ofbeldi væri bæði ólöglegt og brjálæði. Morðingjum var vanalega lýst sem skemmdum og einmana einstaklingum sem náðu ekki markmiðum sínum, ásamt því að vanta ást og umhyggju. Sjálfsvígarsármönnum var lýst með svipuðum hætti en einnig var fjallað um að með árásinni væru þeir að koma pólitískum og/eða trúarlegum skilaboðum á framfæri. Í dag byggja fjölmiðlar umfjöllun sína á þessum hugmyndum sem eru síðan settar í samhengi. Þar af leiðandi hugsar fólk að markmið sjálfsvígarsármannsins hafi verið að koma pólitískum og/eða trúarlegum skilaboðum á framfæri. Þrátt fyrir að hver

hryðjuverkaárás virðist vera einstök þá nota fréttamenn oftast sömu hugmyndir og þær heimildir sem þeir hafa notað áður fyrr um svipaðan atburð (Matusitz, 2013: 117).

Fjölmiðlar eru oft umdeildir og þá sérstaklega þegar fjölmiðlaumfjöllun verður hluti af þeirri áskorun að lýsa félagslegum merkingum atburða. Þegar þeir fjalla um hryðjuverk, hvort sem það er af 11. september, sjálfsvígisárás í Palestínu-Ísrael átökunum eða blóðsúthellingum í Téténíu, vekur það upp stórar spurningar um hversu lengi fjölmiðlaumfjöllunin getur lifað og samt samræmst öllum þeim gildum sem atvinnufréttamennska vinnur eftir; jafnvægi, sannleikur og hlutlægni. Sumar staðreyndir um hryðjuverk eru þó nokkuð hlutlægar í eðli sínu og má þar nefna tímenn sem árásin átti sér stað. Þrátt fyrir það geta fjölmiðlar hinsvegar deilt um hluti eins og hvatir gerenda eða hvort pólitísk gremja hafi verið kveikja árásarinnar. Einnig er talað um aðra þætti eins og orðaforða sem fjölmiðlar nota til að lýsa hryðjuverkaárásinni, val, framsetningu og merkingu táknrænna mynda ásamt áreiðanlegum heimildum og lýsingum sérfræðinga (Matusitz, 2013: 117-118).

Samspil hryðjuverka og fjölmiðlaumfjöllunar

[..] the media in an open society are in a fiercely competitive market for their audiences, are constantly under pressure to be first with the news and provide more information, excitement and entertainment than their rivals. Hence, they are almost bound to respond to terrorist propaganda of the deed because it is dramatic bad news (Wilkinson, 2011: 152).

Flest hryðjuverk eru annaðhvort skipulögð eða þeim er hóttað af aðilum sem geta notað fjölmiðlana óbeint til þess að koma skilaboðum sínum á framfæri. Þannig myndast flókið samspil á milli fjölmiðla og hryðjuverka. Markmið hryðjuverkamannsins er að vekja athygli á boðskap sínum, ásamt því að vekja hræðslu og umræðu hjá almenningi. Fjárkúgun getur einnig verið inni í myndinni (McQuail, 2010: 486).

Algerískur hryðjuverkamaður sagði eitt sinn að hann væri til í að drepa eina manneskju í aðstæðum þar sem upptökuvél fjölmiðla væri til staðar, frekar en að drepa hundrað manns í eyðimörk þar sem enginn sæi til hans. Athyglin er þannig aðal málið; hryðjuverk nútímans eru sjónarspil fjölmiðla. Fjölmiðlar í hinu opna samfélagi vilja vera

fyrstir með fréttirnar, standast væntingar neytenda og veita þeim betri afþreyingu og upplýsingar en keppinautar sínir. Þegar hryðjuverk eru framin tekur það fjölmiðla því ekki langan tíma að senda út fréttir um árásirnar, þar sem ljóst er að dramatískar fréttir fá mikla athygli (Matusitz, 2013: 60; Nacos, 2002: 29).

Árið 1982 fjölluðu Alex P. Schmid og Janny de Graaf um samspil fjölmiðla og hryðjuverka. Þar færðu þau rök fyrir því að ofbeldið sjálft sem felst í hryðjuverkum væri skilaboð ein og sér. Fjölmiðlar lenda á milli tveggja þátta; fyrsti þátturinn er að flytja venjulegar og dramatískar fréttir, og annar þátturinn að forðast þann möguleika að verða tæki fyrir hryðjuverkamenn, ásamt því að forðast það að vera hindrun fyrir fólk sem reynir að koma í veg fyrir hryðjuverk (McQuail, 2010: 486). Schmid, sem er þekktur sérfræðingur á sviðinu, fjallaði einnig um það að fólk hættir oft við ferðalög sín ef hryðjuverkaárás átti sér stað í landinu sem það ætlaði sér að ferðast til, því óttinn um að verða næsta fórnarlamb hryðjuverkaárása er of mikill, og þá sérstaklega hjá fólki sem fylgist mikið með fréttum (Matusitz, 2013: 87).

Margar rannsóknir hafa verið gerðar til að skoða samspil hryðjuverka og fjölmiðla; til að mynda rannsókn sem A. Odasuo Alali og Kenoye Kelvin Eke framkvæmdu árið 1991. Þar kom fram að áhugi á því að skilgreina hlutverk fjölmiðla í sambandi við hryðjuverk hafi verið sveiflukenndur. Þegar hryðjuverkaárásir fá fjölmiðlaumfjöllun fá hryðjuverkamenn athygli allra og oft fylgir sjálfskoðun fjölmiðla í kjölfarið; þeir velta umfjöllun sinni fyrir sér og segjast jafnvel sjá eftir henni. Áhuginn hverfur síðan snögglega þar til næsta hryðjuverkaárás er framin. Samkvæmt niðurstöðum Alali og Eke er skortur á fræðilegri umfjöllun um málið (Biernatzki, 2002: 4).

Nathan I. Yungher (2008) fjallaði um það að hryðjuverkamenn misnota fjölmiðla til þess að fá fría auglýsingu um málstað sinn sem fær athygli og umfjöllun í fjölmiðlum, jafnvel á jákvæðan hátt. Einnig leitast hryðjuverkamenn við að rækta gott samband við fjölmiðla með þá von um að þeir birti myndir af hryðjuverkamönnum og upplýsingar um áætlanir stjórnvalda sem hjálpa hryðjuverkamönnum að skipuleggja frekari aðgerðir. John L. Scott (2001) greindi gögn frá árunum 1978 til 1990 og fann fylgni á milli

fjölmiðlaumfjöllunar og hryðjuverka; að aukin fjölmiðlaumfjöllun um hryðjuverk gæti leitt til frekari hryðjuverka (Matusitz, 2013: 59).

Rannsóknir um hryðjuverkin í New York, þann 11. september árið 2001, benda til þess að þrátt fyrir að almenningur hafi skiljanlega upplifað hræðslu og áfall í kjölfar þessara óvæntu atburða þá voru almennt engin læti né hræðsla sem dreifðist á meðal almennings (McQuail, 2010: 486). Möguleg skýring á því er sú að fjölmiðlaumfjöllunin hafi róað almenning með því að veita honum þær upplýsingar sem hann þurfti á að halda. Þrátt fyrir það hefur fólk einnig fjallað um að það sé töluvert sem bendir til þess að fjölmiðlaumfjöllun um hryðjuverk geti leitt til streitu og hræðslu hjá almenningi, en þar skipti miklu máli hvort að hrottalegar myndir væru birtar með fréttunum. Þrátt fyrir fjölmargar rannsóknir segir Denis McQuail að ekki sé hægt að fullyrða að niðurstöður þeirra bendi til þess að fjölmiðlaumfjöllun um hryðjuverk leiði til frekari hryðjuverka. Það sama megi segja um uppbot, en þó geti fjölmiðlar haft áhrif með því að gefa upp tíma og staðsetningu uppþota (McQuail, 2010: 486-487; Walsh, 2010: 2).

Samspil fjölmiðla við hryðjuverk nútímans hafa breyst í kjölfar tæknivæðingarinnar og í dag eru fjölmiðlar tæki hryðjuverkamanna sem geta notað þá til að breiða út boðskap sinn um allan heim. Í því samhengi má líta á hryðjuverkasamtökin Al-Qaeda sem langa herferð stjórnmalalegra samskipta; þau velja fórnarlömb og árásarstaði með þeim hætti að það hafi sem mest áhrif í gegnum fjölmiðlaumfjöllun. John Gray gerði verkefni árið 2003 sem fjallaði um samband hnattvæðingar og hryðjuverka. Niðurstöður leiddu í ljós að hryðjuverkaárásir Al-Qaeda á tvíburaturnana í New York sýna að samtökin eru meðvituð um það að stríð á tuttugustu og fyrstu öldinni eru ekki eins og áður fyrr, heldur eru hryðjuverk stríð nútímans og miklu máli skiptir hvernig þau koma fram í fjölmiðlum. Hryðjuverkasamtökin nota fjölmiðlaumfjöllun sem vopn því fyrir þeim er hún óútreiknanlegri en hefbundin vopn og lætur betur að stjórn (McNair, 2006: 177).

Upptökuvélar fjölmiðla laða að sér hryðjuverk og öfugt. Bruce Hoffman, sérfræðingur um hryðjuverkaumfjöllun, lýsti því yfir að með hjálp fjölmiðla, án eða með þeirra vilja, ná hryðjuverk auðveldlega til fjölmiðlaneytenda heimsins. Sambandinu á

milli fjölmiðla og hryðjuverka er þannig háttað að báðir aðilarnir hagnast á því (e. Symbiotic relationship). Aðrir fræðimenn hafa skoðað þetta samband og fjallað um það að hryðjuverkasamtök þurfa á fjölmiðlum að halda; án fjölmiðlaumfjöllunar fengi málstaður samtakanna mun minni athygli og væri ef til vill ókunnur flestum. Aftur á móti fá hryðjuverk athygli fjölmiðla um leið og þau eru framin; atburðurinn fær mikla athygli neytenda, þar af leiðandi hækkar fjöldi neytendanna og fjölmiðillinn hagnast á fréttum sínum um hryðjuverk. Abraham Miller skrifaði árið 1982: Hryðjuverkasamtök eru fær um að fremja dramatíska atburði, sama hversu hræðilega, til að ná athygli fjölmiðlanna. Hryðjuverkasamtök, eins og illa uppalið barn, er stjúpbarn fjölmiðlanna; stjúpbarn sem fjölmiðlar geta því miður ekki hunsað né afneitað (Matusitz, 2013: 54).

Barnhurst (1991) fjallaði um samband fjölmiðla og hryðjuverka og setti fram tvær hliðar á fjölmiðlaumfjöllun um hryðjuverk í því samhengi: Saknæm hlið fjölmiðla og viðkvæm hlið fjölmiðla. Saknæma hliðin vísar til þess að orsakasamband sé á milli fjölmiðla og hryðjuverka, sem kalli á reglugerð fjölmiðla. Fjölmiðlar leika þar hættulegan leik: Fjölmiðlaumfjöllun um hryðjuverk getur hvatt til frekari hryðjuverka sem leiðir til frekari fjölmiðlaumfjöllunar. Á hinn bóginn vísar viðkvæm hlið fjölmiðla til þess að fjölmiðlar séu fórnarlömb hryðjuverka og valdi þeim ekki. Þrátt fyrir að fjölmiðlar hafa að einhverju leyti vald yfir því hvað kemur fram þá er alltaf hægt að finna einhvern fjölmiðil til að koma skilaboðunum á framfæri. Fjölmiðlar munu þar af leiðandi alltaf vera þátttakendur í umfjöllun um hryðjuverk, með eða án þeirra vilja (Matusitz, 2013: 58).

Fjölmiðlar sýna fréttir af hryðjuverkamönnum sem bregða áhorfendum og hræða þá. Í kjölfarið hjálpa fjölmiðlar hryðjuverkamönnum að fá fleiri áhorfendur, en þeir fá aðeins lítinn hluta af þeim á staðnum sem hryðjuverkin eru framin. Gervihnattasamskipti eru fær um að gefa hryðjuverkamönnum beint og snögg samband til alþjóðlegra fjölmiðlaneytenda. Hryðjuverkin sem voru framin þann 11. september árið 2001 breiddust á milli gervihnatta; frá fjölmiðlum í New York til fjölmiðla í London, París og Moskvu, ásamt því að flytjast á milli fréttastöðva Al-Jazeera til Islamabad, Teheran, Bagdad og Mekku. Útbreiðslan var það snögg og mikil þann dag að hryðjuverkaárásirnar voru á allra vörum út um allan heim. Hryðjuverkasamtökin Al-Qaeda fengu í kjölfarið mikla umfjöllun á Vesturlöndum með óteljandi sögum fórnarlamba um áfallið, sorgina

og ástvinamissi. Segja má að þessi dagur hafi breytt framtíð mannkynsins; árum síðar hafa þessir hræðilegu atburðir í New York enn áhrif á alþjóðlega umræðu, eftirlit, almenningsálitið og bandarísk stjórnsmál (Matusitz, 2013: 55-56; McNair, 2006: 177).

Samkvæmt Michel Wieviorka er hægt að skipta sambandinu á milli fjölmiðla og hryðjuverka í fjögur ólík stig:

1. Fullkomið áhugaleysi (e. Complete indifference): Hryðjuverk eru framin án þess að reyna að ná athygli fjölmiðla. Markmið hryðjuverkamanna er fyrst og fremst að vekja upp hræðslu hjá fórnarlömbum sínum og því engar sérstakar væntingar um fjölmiðlaumfjöllun.
2. Áhugi af skornum skammti (e. Relative indifference): Hryðjuverkamenn fremja hryðjuverk með þeirri vitund að fjölmiðlar gætu vakið athygli á málstað þeirra, en eru samt frekar áhugalausir þegar kemur að fjölmiðlaumfjöllun.
3. Mikill áhugi (e. A media-oriented strategy): Hryðjuverkamenn eru meðvitaðir um þá athygli sem fjölmiðlar geta veitt þeim og nýta sér umfjöllun þeirra til að vekja athygli á skilaboðunum eða málstaðnum. Sambandinu verður þannig háttað að hryðjuverkamenn ráðskast með fjölmiðla sem veita þeim athygli og taka þannig þátt í að koma skilaboðunum á framfæri.
4. Fullkominn viðsnúningur (e. Complete breakaway): Hryðjuverkamenn líta á fjölmiðla, svo sem fréttar- og blaðamenn, sem óvin og sýna fjölmiðlum þar af leiðandi neikvæð viðbrögð. Fjölmiðlar eru ekki lengur eining sem hryðjuverkamenn vilja nota til að fá athygli, heldur eru fjölmiðlar orðnir að kerfi sem hryðjuverkamenn vilja rífa niður (Matusitz, 2013: 55-56).

Frá sjónarhorni hryðjuverkamanna er því ekki til eitt sérstakt samband sem lýsir afstöðu þeirra til fjölmiðla, heldur eru þau fjögur eins og sést hér að ofan. Fyrsta tegundin er mjög óvanaleg, þar sem ljóst er að hryðjuverkamenn leitast oftast eftir því að hræða almenning, komast í fréttirnar og koma þannig málstað sínum á framfæri. Þrátt fyrir það lýsir þessi tegund innlendum hryðjuverkum (e. domestic terrorism) þar sem auðveldara er að koma skilaboðum sínum á framfæri við almenning án þess að notast

við fjölmiðla. Dæmi um aðra tegundina, þar sem áhuginn er af skornum skammti, er til að mynda þegar hryðjuverkamaður leitast ekki endilega eftir því að komast í stærstu fjölmiðlana einfaldlega vegna þess að aðrar samskiptaleiðir hafa áður fjallað um og útskýrt málstað hans (Wieviorka, 1993: 43).

Þriðja tegundin vísar til þess að hryðjuverkamenn vita að þeir fá athygli fjölmiðla og reyna að finna bestu leiðina til að ráðskast með þá. Í þessu sambandi er markmið hryðjuverkamanna að skapa meiri áhrif og hræðslu í hvert skipti, sérstaklega með hryðjuverkaárásum sem geta tekið nokkrar vikur. Í kjölfarið myndast mikil spennan hjá almenningi og geta hryðjuverkamenn leitast eftir því að mynda óvissu og gera stjórnvöld að athlægi. Þrátt fyrir það er markmið hryðjuverkamanna í þessu sambandi ekki að eyðileggja samband sitt við fjölmiðla eða hótta þeim, því þeir virða og notfæra sér sjálfstæði þeirra. Almennt séð fyrirliða hryðjuverkamenn þó frjálssa fjölmiðla þrátt fyrir alla þá umfjöllun sem þeir veita almenningi og geta óviljandi hjálpað þeim og styrkt málstað þeirra með því að birta upplýsingar sem þeir græða á. Svo lengi sem hryðjuverkamenn eru í þessu sambandi við fjölmiðla, sem þeir nota sem tæki, þá velta þeir sér ekki mikið upp úr sjálfstæðri fréttamennsku (Wieviorka, 1993: 44).

Fjórða og síðasta tegundin vísar til þess að hryðjuverkamenn líta á fjölmiðla sem óvin og vilja því rífa niður kerfi þeirra í staðinn fyrir að fá fjölmiðlaumfjöllun. Þegar hryðjuverkaárásir eiga sér stað hefur fjölmiðlafólk oft verið í hættu og orðið að fórnarlömbum þeirra. Einnig hafa hryðjuverkamenn notað það í gíslatökur því miklar líkur eru á meiri og breiðari áhrifum ef þeir ræna fjölmiðlafólki. Í þessu sambandi fyrirliða hryðjuverkamenn sjálfstæði og hlutlægni fjölmiðla. Þeir saka fjölmiðla um að vera óheiðarlega og telja þá vera í liði með óvinum sínum. Þar af leiðandi treysta hryðjuverkamenn, sem upplifa þetta samband, ekki fjölmiðlum til að segja satt og rétt frá. Einnig vilja þeir að fjölmiðlar sleppi því að fjalla um hryðjuverkaárásir ef þeir fjalla ekki um þær í því jákvæða ljósi sem hryðjuverkamennirnir upplifa sjálfir. Ef illa gengur þá reyna þeir sitt besta við að breyta neikvæðri umfjöllun í jákvæða (Wieviorka, 1993: 44-45). Svo virðist sem fjölmiðlar geti einnig verið „ótraustur vinur“ hryðjuverkamanna (e. A fickle friend); hugtakið vísar til þess að fjölmiðlar eru ætíð að leita að einhverri nýjung, og frá sjónarhorni hryðjuverkamanna geta þeir sjálfir búið til þessa nýjung með

hryðjuverkaárásur. Þar af leiðandi gera þeir tilraunir til að fremja hryðjuverk með nýjum hætti til að endurheimta greiðann sem fjölmiðlar gera þeim. Hryðjuverkamenn nota fjölmiðla sem vopn og lítur til að mynda leiðtogi hryðjuverkasamtakanna Al-Qaeda á fjölmiðla sem „ótraustan vin“ og sem stóran hluta af vopnabúri samtakanna (Matusitz, 2013: 59).

Hlutverk fjölmiðla er nauðsynlegt til að árásir hryðjuverkamanna fái athygli hjá almenningi sem er forvitinn og vill fá að vita hvað er að gerast. Um leið og hryðjuverkamaður er meðvitaður um þá athygli sem hann getur fengið hjá fjölmiðlum og almenningi í kjölfarið getur hann farið að hugsa um bestu leiðina til að koma málstað sínum á framfæri. Umfjöllun hryðjuverkamanna, sem kemst síðan í fjölmiðla, er hönnuð til að veita upplýsingar um málstaðinn ásamt því að vekja upp fyrirsjáanlegar tilfinningar hjá almenningi. Í gegnum tíðina hafa margir haft áhyggjur af því að fjölmiðlar séu að hjálpa og jafnvel hvetja hryðjuverkamenn með fréttaumfjöllun sinni. Fjölmiðlar birta oft fréttir um hryðjuverk framan á þekktustu blöðum heimsins. Án þeirra væri almennt ómögulegt fyrir hryðjuverkamenn að ná fram markmiðum sínum (Matusitz, 2013: 56-57). Wilkinson fjallaði þó um það að fjölmiðlar hafa ekki það vald að búa til hryðjuverkasamtök með umfjöllun sinni. Í kjölfarið sagði hann að þrátt fyrir það væri óviturlegt að neita því að fjölmiðlaumfjöllun hjálpi til með að dreifa upplýsingum og athygli sem hryðjuverkasamtök fá frá almenningi (Wilkinson, 2011: 155).

Embættismenn hafa tilhneigingu til að aðstoða fjölmiðla þegar kemur að bæði árangri og mistökum hryðjuverkamanna. Dæmi um það er þegar bandaríska ríkið starfaði með fjölmiðlum með það markmið að finna og nafngreina hryðjuverkamann sem var þekktur sem Unabomber. Þar var fjölmiðlaumfjöllunin mikilvæg þar sem ættingjar mannsins báru kennsl á hann í kjölfarið; maðurinn er fyrrum stærðfræðikennari við Berkeley skóla og heitir Theodore John Kaczynski. Þessi raunverulega saga staðfestir enn betur sambandið á milli fjölmiðla og hryðjuverka; hryðjuverk þurfa fjölmiðla til þess að fá athygli og fjölmiðlar græða á umfjöllun sinni um hryðjuverk. Einnig er þetta dæmi um þriðja stig Wieviorka um samband hryðjuverka og fjölmiðla, þar sem hryðjuverkamenn nota fjölmiðla til að fá athygli (Matusitz, 2013: 56).

Markmið margra hryðjuverkamanna er að fá athygli fjölmiðla, og í löndum með frjálsum fjölmiðlum keppast þeir um athyglina við leikara, stjórnámálamenn, íþróttamenn, aðra hryðjuverkamenn og alla þá einstaklinga sem leitast eftir því að komast í fréttirnar. Fjölmiðlar geta þó alltaf takmarkað skilaboð hryðjuverkamanna með vali á efni í umfjöllun sinni. Hryðjuverk sem gerast snögglega og án viðvörunar, mynda átök og velja oft fræga eða táknræna manneskju sem fórnarlamb, geta oft verið tengd við ákveðin hryðjuverkasamtök og geta aukið hræðslu meðal almennings. Ef fjölmiðlaumfjöllunin um hryðjuverk væri minna útbreidd þá gæti hræðsla meðal almennings mögulega minnkað, ásamt því að ofbeldi og morð á saklausum borgurum gæti misst tilgang sinn í því að vera pólitísk skilaboð hryðjuverkamanna (Walsh, 2010: 5; Matusitz, 2013: 59).

Kappræðan um það hvort kalla eigi fólk hryðjuverkamenn eða frelsisbardagamenn hefur verið löng og hefur hún einnig aukið meðvitund og skilning hjá fjölmiðlum sem þurfa að vanda orðaval sitt við fréttamennsku. Þrátt fyrir það ver fólk almennt séð ekki hryðjuverkaárásir sem eru framkvæmdar í pólitískum tilgangi og í dag er því lítil sem engin umburðarlyndi gagnvart þeim. Í því samhengi hafa fjölmiðlar verið gagnrýndir fyrir að kalla árásir morð en ekki hryðjuverk. Philo og Berry, stjórnendur þáttarins *Bad News from Israel* (2004), gagnrýndu til að mynda breska fjölmiðla fyrir að nota hugtakið morð í lýsingum sínum um árásir Palestínumanna á Ísrael. Notkunin á orðinu morð í stað þess að skilgreina árásina sem hryðjuverk lýsir því hvernig almenningsálitið á átökunum getur breyst. Ákvörðun Yasser Arafat um að styðja Saddam Hussein í Persaflóastríðinu árið 1991, hafði til að mynda mjög neikvæð áhrif á almenningsálitið víða um heim um málstað Palestínu, sem hann hafði kennt sig við. Philo og Berry gefa í skyn að ef vestrænir fjölmiðlaneytendur væru upplýstari um réttlætningar sjálfsvígsárása hryðjuverkamanna þá myndu þeir sýna palestínskum málstað meiri skilning. Þannig vilja þeir meina að fjölmiðlar viðhaldi fáfræði almennings um átökin. McNair telur þetta sjónarmið þeirra hinsvegar hunsað þó sýnbreytilega hugmyndafræðilega umhverfi sem umfjöllunin á sér stað í (McNair, 2006: 39).

Mögnunaráhrif fjölmiðla

Þegar fjölmiðlar fjalla um hryðjuverkaárásir eykst fjöldi áhorfenda verulega því án fjölmiðlaumfjöllunar myndi hann augljóslega aðeins miðast við fjölda áhorfenda sem voru á staðnum þegar árásin átti sér stað. Í því samhengi hefur verið talað um svokölluð mögnunaráhrif fjölmiðla (e. Amplification effect); áhrif sem hryðjuverkamenn græða á. Zulaika og Douglass hafa fært rök fyrir því að hryðjuverk séu fyrst og fremst umræða; að í ákveðnum skilningi mætti jafnvel segja að hryðjuverkaárás hafi ekki átt sér stað nema frá henni hafi verið sagt (Matusitz, 2013: 57).

Alex P. Schmid og Janny de Graaf fjölluðu um mögnunaráhrif fjölmiðla og sögðu að mesta hættan við fjölmiðlaumfjöllun um hryðjuverk væri sú að hún gæti leitt til frekari hryðjuverka. Þegar hryðjuverkamenn í Afríku gerðu árás í Angóla og Mósambík vantaði fjölmiðla á staðinn til að veita þeim athygli og umfjöllun. Í meira en áratug fengu þeir því litla athygli frá öðrum löndum. Hinsvegar fékk svipaður fjöldi palestínskra hryðjuverkamanna mikla athygli frá heiminum þegar þeir gerðu árásir í Evrópu og Miðausturlöndum. Ástæðan fyrir því er að þar var nóg af fjölmiðlafólki og tækjum til staðar sem fjölluðu um hryðjuverk þeirra, og hafa rannsóknir leitt í ljós að fjölmiðlaumfjöllun getur ýtt undir sjálfsöryggi hryðjuverkamanna (Matusitz, 2013: 57).

Fréttatilkynningar hjálpa til við mögnunaráhrifin. Þær einblína sérstaklega á svokallaða sjónmenningu (e. Visual culture) þar sem mikilvægt efni er tengt við þá myndir sem sjónin framkallar, öfugt við samtöl og ritmál. Dæmi um mögnunaráhrif er sprengingin í Oklahoma árið 1995, þegar hryðjuverkamaður sprengdi upp byggingu og sagðist hafa valið staðsetninguna vegna þess hve stór partur af byggingunni væri opin og auðveldaði fjölmiðlafólki að taka myndir og myndbönd af árásinni. Helsta markmið hans var að fá athygli fjölmiðla og almennings og hann varð sár þegar hann komst að því að nokkur börn hefðu orðið fórnarlömb hans. Sagði hann þá að dauði saklausra barna væru pólitísk skilaboð sprengjunnar. Þetta er dæmi um þriðju tegund Wieviorka um sambandið á milli fjölmiðla og hryðjuverka, þar sem hryðjuverkamenn leitast eftir því að fá athygli fjölmiðla með meðvituðu vali á fórnarlömbum og staðsetningu þar sem auðvelt er að fylgjast með og taka upp fréttir (Matusitz, 2013: 57-58).

Fjölmiðlar velja og birta efni sem þeir telja frétt næmt og þar af leiðandi fara fréttir um hryðjuverkaárásir og ofbeldi sjálfkrafa í forgang hjá fréttastöðvum. Það sem átti sér stað í Oklahoma var að fjölmiðlar möggnuðu upp áhrif á fólk sem sá umfjöllun þeirra sem innihélt bæði ljósmyndir og myndbönd frá árásinni. Þannig setja fjölmiðlar ekki einungis fram staðreyndir heldur spila sérstaklega inn á tilfinningar fólks með framsetningu sinni. Í því samhengi sagði Peter C. Kratcoski að ef einn þáttur hryðjuverka væri sú löngun að fá athygli vegna málstaðar og að breiða út áróður, þá hafi fjölmiðlar augljóslega brugðist of mikið við því að svara þessari löngun (Matusitz, 2013: 57-58). Atvinnufjölmiðlafólk hefur haldið því fram að það ýki ekki fjölmiðlaumfjöllun um hryðjuverk, og að hryðjuverk séu mikilvægt málefni sem varði almenning; þannig sé réttlætanlegt að fjalla um hryðjuverk. Gildi atvinnufjölmiðlunar: hlutlægni og jafnvægi, takmarka löngun fjölmiðla til að nýta sér fréttir af hryðjuverkum með það markmið að auka áhorf og leiðir það til þess að þeir veita skoðunum stjórnvalda á stjórn málatengdu ofbeldi frekar athygli (Walsh, 2010: 5-6).

Vandamál við fréttáflutning um hryðjuverk

Ýmiss konar vandamál geta komið við sögu við fréttáflutning um hryðjuverk. Fyrst má nefna að mjög fáir sérfræðingar um hryðjuverk starfa við fréttamennsku. Þrátt fyrir að margt sé frétt næmt þá velja ritstjórar og fréttamenn hvað kemur fram, og framleiða fréttamenn oft efni og skrifa fréttir sem eru síðan ekki birtar. Óskrifaður samningur ríkir á milli fréttamanns og þeirra sem hafa vald yfir fjölmiðlinum og hefur hann mikil áhrif á fréttir um hryðjuverk. Framleiðendur og ritstjórar taka ákvörðun um ferli fréttáflutnings; hvort að fréttir séu birtar, hvernig þær birtast og hvenær (Matusitz, 2013: 63).

Annað vandamál við fréttáflutning um hryðjuverk er að öryggisstofnanir geta gefið fjölmiðlum rangar eða villandi upplýsingar, en margar heimildir koma frá ríkisstofnunum. Jenkins (2003) fjallaði um að það væri mjög rökrétt að fjölmiðlar reiddu sig á upplýsingar frá slíkum stofnunum eins og til að mynda frá bandarísku alríkislögreglunni (FBI), sem er ein best upplýsta stofnun Bandaríkjanna, og hefur að geyma ýmis sönnunargögn ásamt upplýsingum frá njósnurum og leynisamtökum. Ríkisstofnanir geta notað fjölmiðla með það markmið í huga að fá jákvæða athygli og

umfjöllun. Dæmi um það er þegar bandarískar ríkisstofnanir gerðu sitt allra besta við að sýna almenningi að þær væru langt frá því að vera sofandi á verðinum þegar hryðjuverkin í New York áttu sér stað (Matusitz, 2013: 63).

Stjórnvöld og fjölmiðlar lenda oft í átökum því markmið stjórnvalda er að halda viðkvæmum upplýsingum leyndum, meðan hlutverk og ábyrgð fjölmiðla er að upplýsa almenning nákvæmlega um það sem er að gerast, og að sumra mati þrátt fyrir að þær upplýsingar geti verið viðkvæmar. Stjórnvöld á Vesturlöndum eru þó í slæmri stöðu miðað við fjölmiðla sem munu alltaf eiga síðasta orðið og geta þar af leiðandi valið hvað þeir fjalla um, óháð vilja stjórnvalda. Þar sem stjórnvöld eru meðvituð um þá stöðu sem þau eru í, geta þau gengið of langt með að leyna ýmsum upplýsingum fyrir fjölmiðlum, hvort sem þau eru viðkvæm eða ekki. Í því samhengi hefur verið fjallað um „Vítanam áhrifin“ (e. Vietnam effect) sem hafa ennþá áhrif á samband bandarískra stjórnvalda við fjölmiðla, þar sem stjórnvöld eru hrædd um að fjölmiðlar geti skapað þau áhrif með umfjöllun sinni. Hugtakið vísar til þess að fjölmiðlar virtust hafa neikvæð áhrif á þátttöku Bandaríkjamanna í Víetnam stríðinu; með því er verið að gefa í skyn að það hafi verið fjölmiðlum að kenna að Bandaríkin hafi tapað stríðinu (Biernatzki, 2002: 10, 15-16).

Stjórnvöld hafa verið gagnrýnd fyrir að leyna viðkvæmum upplýsingum þar sem þær geta róað almenning sem vill vera vel upplýstur. Fólk er ólíklegra til að verða skelfingu lostið ef það veit hvað er um að vera, eins og hefur verið fjallað um í sambandi við hryðjuverkin í New York. Phillip Knightley skrifaði um átök stjórnvalda og fjölmiðla og sagði að stjórnvöld og herir þeirra fari í stríð til þess að vinna og sé sama hvernig þau fari að því. Fyrir þeim eru fjölmiðlar hinsvegar plága; það sé ástæðan fyrir því að stjórnvöld passa upp á að viðkvæm mál komist ekki upp þar sem umfjöllun um þau geti haft slæm áhrif. Þrátt fyrir það er ekki sjaldgæft að fjölmiðlar ritskoði umfjöllun sína þegar þeir eru meðvitaðir um þá öryggishættu sem hún gæti annars ollið, sérstaklega þegar þeir eru sammála stjórnvöldum um hlutlægni, ásamt því að sleppa því að vera brotlegir við lögin og hættuna við fá fólk upp á móti sér (Biernatzki, 2002: 10, 15-16; Norris o.fl., 2003: 36-37).

Fréttaflutningur af hryðjuverkum getur gert öllum þeim stofnunum og aðilum sem eru að reyna að koma í veg fyrir hryðjuverk erfiðara fyrir. Fjölmiðlar hafa óviljandi komið í veg fyrir að fólk geti leyst vandamál þegar kemur að gíslum hryðjuverkamanna, til að mynda með því að fara inn á lokuð svæði og taka upp fréttir sem eru um leið sýndar. Þar af leiðandi þurfa hryðjuverkamenn einungis að hlusta á útvarpið eða horfa á sjónvarpið til að ná yfirhöndinni þar sem fjölmiðlar veita almenningi og um leið hryðjuverkamönnum upplýsingar um áætlanir og staðsetningar hersveita og lögreglumanna (Matusitz, 2013: 64).

Ljóst er að dramatískar fréttir og æsifréttamennska fanga athygli almennings. Fjölmiðlar hafa verið gagnrýndir fyrir að stofna fórnarlömbum hryðjuverka í hættu með því að leggja of mikla áherslu á dramatík. Gott dæmi um það er þegar flugrán átti sér stað árið 1985 og ABC fréttastöðin tók viðtöl við gíslana og flugræningjana. Í einu viðtali var byssu miðað að flugmanni fyrir fréttamenskuna. Fréttamennirnir sögðu að þeir hefðu skipulagt aðstæðurnar það vel að engin hætta hafi verið á ferðum. Ef fjölmiðlar leggja of mikla áherslu á að koma skilaboðum á framfæri og að fá gott fréttæfni með dramatískum hætti, eins og að sviðsetja mynd af hryðjuverkamanni miða byssu á fórnarlamb, gæti það kostað líf fórnarlambanna og fjölmiðlum verið kennt um afleiðingarnar; flugmaðurinn var skotinn til bana eftir að fjölmiðlar sendu út upplýsingar um að hann væri í sambandi við stjórnvöld (Matusitz, 2013: 64).

Mikil samkeppni ríkir á milli fjölmiðla þegar kemur að því að vera fyrstir með fréttirnar. Sá fjölmiðill sem er fyrstur með fréttina hefur vald yfir því hvernig hún er sögð og getur þar af leiðandi stjórnað umræðunni þar sem aðrir fjölmiðlar vísa í frumheimildina. Þetta vald geta fréttamenn öðlast með því að vera fyrstir á staðinn eða með því að vera fyrstir að staðfesta einhverjar upplýsingar sem voru áður óstaðfestar. Fjölmiðlar í vestrænum samfélögum lýsa hryðjuverkamönnum sem brjáluðum eða illum því sú skilgreining er auðveldari en aðrar og vekur upp meiri spennu og athygli hjá almenningi. Fjölmiðlaumfjöllun um hryðjuverk getur verið mjög umdeild og þá einnig í sambandi við viðkvæm og persónuleg mál sem fjölmiðlar eiga til að virða ekki með því að birta fréttir af fórnarlömbum hryðjuverkamanna áður en fjölskyldur fórnarlambanna eru láttnar vita af árásinni og jafnvel dauðsfalli ættingja. Dæmi frá árinu 1994 er lýsandi

fyrir þetta þar sem fjölmiðlar í Tel Aviv, Ísrael birtu myndir frá hryðjuverkaárás af fórnarlömbum sem höfðu látið lífið í árásinni, áður en haft var samband við aðstandendur þeirra (Matusitz, 2013: 64, 65).

Enn eitt vandamál við fréttáflutning um hryðjuverk er að fjölmiðlaumfjöllunin getur vakið upp enn meiri reiði hjá hryðjuverkamönnum. Dæmi um það er þegar umfjöllun fjölmiðla af særðum eða látnum Palestínumönnum, í átökum við Ísraelsmenn, vakti upp reiði hjá stuðningsfólki Osama Bin Laden ásamt því að vekja almennt upp reiði hjá Aröbum og múslimum. Margir töldu öfgar Bin Laden áhugavert mótsvar við uppgjöf og kúgun síns daglega lífs. Fjölmiðlar í hinum múslimska heimi fjalla um hefndaraðgerðir Bandaríkjanna og hryðjuverkasamtökin Al-Qaeda, og stuðningsmenn þeirra, telja þær sýna árásargirni Bandaríkjamanna. Þannig má segja að velgengni NATO í Afganistan hafi ýtt undir þau hryðjuverk sem fylgdu í kjölfarið (Matusitz, 2013: 65).

Árið 1993 sagði Terry Anderson að reynsla sín sem blaðamaður og fórnarlamb hryðjuverkaárása hafi gefið honum persónulega sýn á það hvernig hryðjuverkamenn geta ráðskast með fjölmiðla og hvaða áhrif fjölmiðlaumfjöllunin um hryðjuverk getur haft. Skoðun hans er sú að fjölmiðlar eigi ekki að gefa hryðjuverkamönnum þá athygli sem þeir vilja. Einnig segir hann að ef hryðjuverkamenn búast ekki við því að fá umfjöllun þá muni þeir hverfa einn daginn. Segir hann að fjölmiðlar séu hluti af hættulegum leik hryðjuverkamanna og að hæpið sé að spila hann án þeirra. Reynsla Anderson er sú að fjölmiðlaumfjöllun sé helsta markmið og vopn hryðjuverkamanna (Matusitz, 2013: 65).

Fjölmiðlahryðjuverk (e. Media terrorism)

When one says 'terrorism' in a democratic society, one also says 'media'
(Wilkinson, 2011).

Eins og hefur komið fram er til langur listi af vandamálum í sambandi við fréttáflutning um hryðjuverk. Þrátt fyrir það er ritskoðun og skerðing frelsis fjölmiðla ekki lausnin. Lýðræðisleg samfélög eru háð því að fólk sé frjálst til að taka upplýstar ákvarðanir. Meðan ritskoðun gæti mögulega minnkað líkurnar á hryðjuverkum myndi hún einnig minnka frelsi neytenda í lýðræðislegum samfélögum. Þó er til annað vandamál í

sambandi við fjölmiðlaumfjöllun um hryðjuverkaárásir og kallast það fjölmiðlahryðjuverk (e. Media terrorism). Hugtakið vísar til þess að fjölmiðlar notast við hræðslu; þeir hræða og þrýsta á almenning óháð því hvort að atburðirnir séu raunverulegir eða ímyndaðir, almennt séð til að minnka eða eyða sjálfstæðri hugsun almennings. Með sömu rökum vísar hugtakið til þess að fréttastöðvar leggja of mikla áherslu á umfjöllun um ofbeldi, þar sem markmiðið er að fá sem mesta athygli neytenda (Matusitz, 2013: 65, 66).

Í því samhengi hafa margir velt fyrir sér hvort fjölmiðlar séu að taka afstöðu með hryðjuverkamönnum með því að gefa þeim þá umfjöllun sem þeir þurfa og vilja sem leiðir af sér smitunaráhrif (e. Contagion effect); fjölmiðlaumfjöllun um hryðjuverk getur samkvæmt því haft smitandi áhrif og leitt til frekari hryðjuverka. Enska orðið „Contagion“ kemur frá latneska orðinu „Contingere“ sem þýðir að vera í sambandi við eitthvað. Smitun tengist þannig einnig hröðum samskiptum og miðlun hugmynda, kenninga eða tilfinningalegra skilyrða. Smitunaráhrif fjölmiðlaumfjöllunar um hryðjuverk vísar til þess að umfjöllunin hafi áhrif á framtíðarhegðun öfgamanna með sömu hugsun; þegar hryðjuverkamenn sjá fréttáflutning um hryðjuverk og hversu vel öðrum hryðjuverkamönnum hefur tekist að fá umfjöllun um málstað sinn, gætu þeir fengið innblástur í kjölfarið (Matusitz, 2013: 65, 66).

Fjölmiðlahryðjuverk er þannig sterkara orð yfir smitunaráhrif fjölmiðlaumfjöllunar á hryðjuverkamenn og mun líklega alltaf vera til því það verður alltaf einhver sem leitast við að skilja hlið hryðjuverkamanna. Markmið fjölmiðlahryðjuverka er að blása upp áhrif og hræðslu við hryðjuverk; að láta hryðjuverkin líta út fyrir að vera mun meira ógnandi en þau eru í raun og veru. Fjölmiðlahryðjuverkum hefur einnig verið líkt við óbeinar reykingar og kallað óbein hryðjuverk (e. second-hand terrorism) þar sem fjölmiðlar búa til hræðslu hjá neytendum með umfjöllun sinni sem gefur í skyn að neytendur gætu mögulega orðið næsta fórnarlamb hryðjuverkaárása (Matusitz, 2013: 65, 66).

Þó er mikilvægt að hafa það í huga að almennt séð er markmið fjölmiðla fyrst og fremst að fá athygli neytenda en ekki að hjálpa hryðjuverkamönnum; þar af leiðandi gæti

hugtakið fjölmiðluð hryðjuverk (e. mass-mediated terrorism) verið betra til að lýsa samspili hryðjuverka og fjölmiðlaumfjöllunar. Þrátt fyrir það þá ráða fjölmiðlar hvað þeir birta og velja oft að birta aftur og aftur myndir og umfjöllun um gróft ofbeldi í sambandi við hryðjuverkaárásir. Þannig snýst hugtakið sérstaklega um áherslu fjölmiðla á dramatískar fréttir um ofbeldi sem eiga að veita upplýsingar og afþreyingu, en vekja þess í stað upp hræðslu hjá almenningi. Fyrir hryðjuverkamönnum skipta skilaboðin mestu máli en ekki fórnarlömbin sjálf og því mikilvægt fyrir þeim að vera í samskiptum við fjölmiðla, ólíkt öðrum glæpamönnum sem vilja ekki endilega fá athygli fjölmiðla. Hryðjuverkamenn leitast því eftir að skapa sem mestan hrylling sem fjölmiðlar fjalla síðan um (Slocum, 2005: 188; Nacos, 2002: 10).

Breska fjölmiðlabannið við hryðjuverkaumfjöllun

Margaret Thatcher, fyrrverandi forsætisráðherra Bretlands, fjallaði á sínum tíma mikið um samspil hryðjuverka og fjölmiðlaumfjöllunar. Í ræðu sinni árið 1985 sagði hún að fjölmiðlaumfjöllun væri súrefni hryðjuverka og að nauðsynlegt væri að finna leiðir til þess að laga það; ein lausn væri að hefta frelsi fjölmiðla. Thatcher sagði að fólk væri annaðhvort hlynnt réttlæti eða hryðjuverkum. Lausnin varð að veruleika þann 19. október árið 1988 þegar bresk yfirvöld bönnuðu fjölmiðlaumfjöllun um öll samtök á Norður-Írlandi sem voru talin tengjast hryðjuverkum. Douglas Hurd, innanríkisráðherra íhaldsflokksins, tilkynnti bannið og færði rök fyrir því að bannið væri ekki að hefta frelsi fjölmiðla heldur frelsi þeirra radda sem tala fyrir ofbeldi. Síðar bætti hann við að þetta væri ekki ritskoðun vegna þess að bannið tengdist ekki frétttaflutningi af viðburðum. Forstjóri fréttastöðvarinnar BBC lýsti því yfir að ef fjölmiðillinn leyfði greiðan aðgang að öllu fjölmiðlaefni þá gæti starfsfólk hans orðið næsta fórnarlamb hryðjuverka. Þar sem breskir fjölmiðlar vildu ekki fá þann stimpil að vera „IRA stuðningsmenn“ gáfu þeir eftir og hlýddu banninu (Nacos, 2002: 27; Rolston, 1991; Philo, 1995: 65; Welch, 2005).

Bannið var réttlætt með þeim rökum að það væri partur af írskum lögum, og var fyrst og fremst beint að Sinn Féin, flokk lýðveldissinna, sem er stjórn málaarmur IRA (Irish Republican Army); Írska lýðveldishersins. Lögin um bannið voru þó ekki í gildi þegar kosningar áttu sér stað. IRA er heiti á frelsishreyfingum sem voru stofnaðar á 20. og 21.

öldinni með það markmið í huga að berjast fyrir sjálfstæði Írlands. Hreyfingarnar eru skipulagðar eins og hersveit en þó ganga liðsmenn hennar ekki í herbúningum, ásamt því að skotmörkin eru bæði hernaðarleg og borgaraleg. IRA var frelsisher áður fyrr en breyttist síðan í hryðjuverkasamtök sem hikuðu ekki við að fremja ofbeldisfull voðaverk til að koma kröfu sinni á framfæri; að Írland yrði sameinað á ný. Félagar Írska lýðveldishersins líta á sig sem hermenn og þeir sem hafa samúð með málstaðnum, til að mynda margir kaþólikkar á Norður-Írlandi, líta á hann sem lögmæta þjóðernishreyfingu eða skæruliðasveit. Sambandssinnar og breska ríkisstjórnin skilgreina hinsvegar IRA sem hryðjuverkamenn (Rolston, 1991; Davíð Logi Sigurðsson, 2004; Brynhildur Ólafsdóttir, 2002).

Fólk hefur sagt að bresk yfirvöld hafi fundið sig tilneydd til að gera eitthvað til að stöðva hryðjuverk IRA og að bannið hafi verið lausnin við því; fyrir stjórnvöldum myndi bannið berjast gegn hryðjuverkum og jafnvel koma í veg fyrir þau. Bresk yfirvöld létu lítið fara fyrir áætlunum sínum um bannið og fékk því almenningur ekki tækifæri á að taka þátt í umræðunni. Bresk yfirvöld bönnuðu alla fréttaumfjöllun um hryðjuverkasamtök og stuðningsmenn þeirra, en skilgreindu þó ekki hvað þau áttu við með stuðningsmenn, né gáfu út yfirlýsingu með smáatriðum hvað mætti ekki sýna. Þannig þurftu fjölmiðlar, fyrstu vikurnar eftir bannið, að skilgreina sjálfir hvað væri nákvæmlega átt við með banninu; hvað mætti sýna og hvernig (Philo, 1995: 64; Rolston, 1991; Welch, 2005).

Í nóvember árið 1988 bannaði breska útvarpsráðið (IBA) hinsvegar lagið „Streets of Sorrow / Birmingham Six“ eftir hljómsveitina The Pogues. Lagið lýsir yfir sakleysi IRA meðlima sem voru fangelsaðir fyrir hryðjuverkaárásir á áttunda áratug síðustu aldar. Útvarpsráðið taldi að sú skoðun væri andvíg skoðun stjórnvalda um ógn hryðjuverka á Bretlandi. Lagið fjallar um tvær hreyfingar sem heita Guildford Four og Birmingham Six; samtals 10 manns sem voru fangelsaðir. Ekki var nóg að hreyfingin Guildford Four væri leyst úr haldi til að afturkalla bannið því útvarpsráðið réttlætti bannið með þeim rökum að Birmingham Six væri enn í haldi fyrir hryðjuverkaárásir. Eftir að sakfellingu allra tíu var snúið við var bannið afturkallað af útvarpsráðinu (Philo, 1995: 57).

Þrátt fyrir að hlýða banninu var fjölmiðlafólk hneykslað á því og fannst mörgum það hræðilegt. Harry Conroy, aðalritari blaðamannafélags Bretlands og Írlands, talaði fyrir hönd margra þegar hann ræddi um ótta sinn fyrir hönd lýðræðisins í kjölfar bannsins. Sagði hann að tjáningarfrelsi hefði enga merkingu nema minnihlutahópar fengju einnig að tjá rödd sína, sama hversu óvinsæl og ógeðfelld hún væri fyrir meirihlutanum. Fjölmiðlamenn annarra samtaka voru sammála honum um að bann við umfjöllun um ákveðið málefni hefði slæm áhrif á lýðræðið. Viðbrögð almennings frá öðrum löndum voru svipuð, og voru til að mynda Ameríkanar mjög hissa á ákvörðun stjórnvalda. John Birt, fjölmiðlamaður og fyrrverandi forstjóri BBC, færði rök fyrir því árið 1989 að bannið færi yfir strik sem stjórnvöld í lýðræðislegum samfélögum ættu ekki að fara yfir. Einnig talaði hann um að bannið hafi verið lagt á fyrirvaralaust, sem kemur heim og saman við þá gagnrýni að yfirvöld hafi látið lítið fara fyrir áætlun sinni (Rolston, 1991; Philo, 1995: 51; Welch, 2005).

Almennum viðbrögðum fólks við banninu má lýsa með umfjöllun New York Times, dagblaðs sem hefur lengi dást að Bretlandi. Þann 3. nóvember 1988 kom þar fram að Bretland hefði lengi verið þekkt sem „móðir þingræðisins“ og hefði verið fyrirmynd á sviði stjórnmalalegs frelsis. Íhaldsflokkur Bretlands hafi síðan óvirt það með því að skerða frelsi og banna fjölmiðlaumfjöllun um hryðjuverk. Flestir breskir fjölmiðlar voru þessu sammála, en breski fréttamiðillinn The Daily Mail kom þó með þá yfirlýsingu að miðillinn styddi bannið um Sinn Féin og sagði að hálf bann væri betra en ekkert bann. Þástarfandi dagblaðið Today var ekki sammála því og sagði að með banninu hafi ríkisvaldið gefið IRA meðlimum sigurinn, hjálpað þeim og þar af leiðandi gert nákvæmlega það sem þeir vildu; bannið myndi meðal annars vekja athygli á IRA víða í heiminum (Rolston, 1991).

Tíu dögum eftir að bannið var sett á fóru breskir fjölmiðlar í verkfall til að mótmæla því og neituðu að fjalla um breska stjórnmalamenn, en stóð verkfallið aðeins yfir í fjóra daga. Hræðslan um að vera stimplaðir sem stuðningsmenn ofbeldis og hryðjuverka í kjölfar yfirlýsingar um að vera á móti banninu var of mikil og kom í veg fyrir að fjölmiðlar gerðu meira úr þessu. Bannið hafði augljóslega áhrif á samskipti fjölmiðla við Danny Morrison, fyrrverandi talsmann Sinn Féin. Hann sagði að samband fjölmiðla við sig hafi minnkað úr 500 símtölum á fjögurra mánaða tímabili í aðeins 100; sambandið

var það lítið, að í hvert skipti sem sjónvarpsstöðvar boðuðu þá í viðtal var það tilefni til að opna kampavínsflösku (Rolston, 1991).

Fjölmiðlar fundu þó fljótt leið til þess að komast framhjá banninu eftir að fyrrverandi talsmaður Sinn Féin grófst fyrir um hvað væri hægt að gera í málinu. Þeir fengu leikara til að talsetja fréttirnar þar sem menn eins og Gerry Adams, leiðtogi Sinn Féin, máttu sjást í mynd en rödd þeirra mátti ekki heyrast. Þannig gátu þeir komið skilaboðum sínum á framfæri. Leikararnir voru oftast fengnir með stuttum fyrirvara og vissu sumir áhorfendur ekki að um leikara væri að ræða. John Major, sem tók við af Thatcher sem forsætisráðherra Bretlands, lagði bannið af þann 16. september árið 1994, tveimur vikum eftir að IRA samtökin lýstu yfir vopnahléi. Þjóðernissinnuðu flokkarnir sögðu í kjölfarið að verið væri að veita IRA ákveðið lögmæti með ótímabæru afnámi bannsins (Williams, 1994; Welch, 2005; The Southeast Missourian, 1994).

Liz Curtis (1984) fjallaði um að ritskoðun í Bretlandi á þessum tíma hafi verið réttlætt á þeim grundvelli að hryðjuverk væru eins og leikrit; þau reiða sig á athygli sem er súrefni þeirra. Frank King, liðsforingi breska hersins, sagði árið 1974 í tengslum við fjölmiðlaumfjöllun um IRA: Öll hryðjuverkasamtök þrífast á áróðri, og án ýktrar athygli fjölmiðla hefðu IRA samtökin ábyggilega fjarað út og dáíð. Breskir fjölmiðlar voru reglulega minntir á að hryðjuverkasamtökin væru að drepa breska hermenn og að fjölmiðlaumfjöllun um þau gæti og myndi koma sér vel fyrir IRA (Rolston, 1991).

David Miller skrifaði um bannið árið 1993; ári áður en bannið var afnumið. Þar vakti hann athygli á því að bann breskra stjórnvalda hafi ekki komið í veg fyrir að IRA samtökin fremdu hryðjuverk, heldur hafi þeim tekist að koma í veg fyrir velgengni Sinn Féin, flokks lýðveldissinna; enda virtist banninu vera sérstaklega beint að þeim. Einnig varpaði hann ljósi á það að IRA samtökin höfðu ekki fengið fjölmiðlaumfjöllun síðan árið 1979, níu árum fyrir bannið, svo erfitt hafi verið að færa rök fyrir því að umfjöllun hafi stutt hryðjuverkin og viðhaldið þeim. Stjórnvöld héldu því meira að segja fram að Sinn Féin og IRA tengdust almenningsálitinu það vel að yfirlýsing frá þeim gæti aukið líkurnar á samúð almennings með, og réttlætingu á, hryðjuverkum. Margar yfirlýsingar sem

komu frá Sinn Féin tengdust hvorki ofbeldi né hryðjuverkum IRA og kvörtuðu talsmenn flokksins yfir því að fjölmiðlar hunsuðu þær einnig (Miller, 1993; Philo, 1995: 65).

Nýleg rannsókn um áhrif fjölmiðlaumfjöllunar á hryðjuverk

However, until now we did not know whether media attention actively encourages terrorist attacks. This paper derives an empirical methodology to provide an answer to that question (Doward, 2015).

Sumir eru á þeirri skoðun að aukin fjölmiðlaumfjöllun um hryðjuverk leiði til frekari hryðjuverka; ef fjölmiðlar veiti hryðjuverkamönnum þá athygli sem þeir sækist eftir séu meiri líkur á að fleiri hryðjuverk séu framin. Fjölmiðlar birta dramatískar fréttir um hryðjuverkaárásir og fá mikla athygli neytenda. Fyrir hryðjuverkamönnum, eins og öllum einstaklingum, getur aukin fjölmiðlaumfjöllun verið hvati (Jetter, 2014: 4).

Tengja má umræðuna um að fjölmiðlaumfjöllun um hryðjuverk leiði til frekari hryðjuverka við fjölmiðlaumfjöllun um sjálfsvíg þar sem í báðum tilvikum er fjallað um smitunaráhrif (e. Contagion effect). Margar rannsóknir hafa skoðað áhrif fjölmiðlaumfjöllunar um sjálfsvíg. Mikilvægt er að fjölmiðlar passi sig á því hvernig þeir flytja fréttir af sjálfsvígum því niðurstöður rannsókna hafa sýnt að verknaðurinn geti haft smitandi áhrif; að hætta er á að fólk fremji sjálfsvíg í kjölfar hennar. Hætta er á því að fólk, þá sérstaklega vandræðaunglingar eða unglingar sem þjást af þunglyndi, sjái fréttir um sjálfsvíg og ákveði að fremja sjálfsvíg í kjölfarið. Niðurstöður nýrri rannsókna hafa staðfest það ásamt því að vekja athygli á því að góður og aðgætinn frétttaflutningur geti minnkað líkurnar á að fólk fremji sjálfsvíg (McQuail, 2010: 486-487).

Rannsókn Michael Jetter, *Terrorism and the Media*, kom út árið 2014. Í samtali við The Guardian sagði Jetter að hryðjuverkasamtök fái víðtæka athygli frá fjölmiðlum, hvort sem það eru Talíbanar, Al-Qaida, Boko Haram eða ISIS, sem hafa fengið sérstaklega mikla umfjöllun á síðustu árum. Fréttir af hryðjuverkum eru sýndar á öllum sjónvarpsstöðvum, í öllum dagblöðum og í útvarpinu. Segir Jetter að hryðjuverkamenn þurfi umfjöllun til að koma skilaboðum sínum á framfæri, búa til hræðslu og fá fleiri áhorfendur. Einnig segir hann að hingað til sé ekki vitað hvort að fjölmiðlar hvetji til hryðjuverkaárása, en að rannsókn hans, þar sem notast er við meginlegar

rannsóknaraðferðir, er leitast við að svara þeirri spurningu (Doward, 2015). Í rannsókninni skoðar hann sambandið á milli fjölmiðlaumfjöllunar og hryðjuverka og innihaldsgreinir fréttir um hryðjuverk í New York Times. Hann notar gögn frá Global Terrorism Database (DTB) sem inniheldur 45.320 hryðjuverkaárásir frá árunum 1998 til 2012 í ýmsum öðrum löndum en Bandaríkjunum. Til að skoða hversu mikla athygli hryðjuverkamenn fá í fjölmiðlum skoðar Jetter tíðni fréttu í New York Times sem innihalda umfjöllun um árásina og landið sem hún átti sér stað í; bæði daginn fyrir árásirnar og síðan daginn eftir. Hann ber saman tíðnina fyrir dagana og notar þá tíðni sem breytu fyrir mælinguna um hversu mikla athygli hryðjuverkaárásirnar fá í New York Times (Jetter, 2014: 5).

Jetter setur fram þá staðreynd að með því að skoða fjölmiðlaumfjöllun um hryðjuverk og sjá hvaða árásir rata í fréttirnar sé hægt að reyna að skilja betur af hverju sumar tegundir hryðjuverka eru vinsælli en aðrar. Einnig segir hann að innihaldsgreining geti hjálpað fólki að berjast gegn hryðjuverkum. Niðurstöður sýna til að mynda að fjölmiðlar fjalla mun meira um sjálfsvígisárásir en aðrar árásir og vekur Jetter athygli á því að sjálfsvígisárásir hryðjuverkamanna hafa aukist. Ástæðan fyrir því getur verið sú að fjölmiðlar fjalla oftast um slíkar árásir; þar af leiðandi eru meiri líkur á að hryðjuverkamenn nái að koma málstaði sínum á framfæri með þeim hætti. Einnig sýna niðurstöður að því fjær Bandaríkjunum sem hryðjuverkin áttu sér stað því minni líkur væru á að New York Times myndi fjalla um þau. Tengist það ekki einungis fréttum um hryðjuverk því almennt séð virðast fjölmiðlaneytendur hafa meiri áhuga á atburðum sem gerast nær þeim (Jetter, 2014: 42).

Jetter mældi hversu langur tími leið á milli árása eftir að fjölmiðlar birtu frétt um hryðjuverk. Í staðinn fyrir að leita að orðinu hryðjuverk (e. terrorism, terrorist attack) eða nafni hryðjuverkasamtakanna í fréttunum notaði Jetter frekar löndin, þar sem hryðjuverkin voru framin, sem leitarorð inni á heimasíðu New York Times. Ástæðan fyrir því er að nöfnin á hryðjuverkasamtökunum geta verið skrifuð á mismunandi hátt; Al-Qaida er til að mynda stundum skrifað Al-Qaeda. Einnig getur það tekið hryðjuverkasamtök nokkra daga eða vikur að lýsa yfir ábyrgð og því telur Jetter það passa best við mælinguna að notast við nöfnin á löndunum (Jetter, 2014: 3, 9).

Líkurnar á því að önnur hryðjuverkaárás yrði framin í sama landi eftir fjölmiðlaumfjöllun voru mældar og niðurstöður leiddu í ljós að fjölmiðlaumfjöllun um hryðjuverk virðist leiða til frekari hryðjuverka: Eftir fjölmiðlaumfjöllun um hryðjuverk voru fleiri hryðjuverk framin í sama landi innan við sjö daga. Fjölmiðlaumfjöllun um hryðjuverk getur samkvæmt því spáð fyrir um frekari hryðjuverk. Niðurstöðurnar vekja upp þá spurningu hvort að hefta ætti fjölmiðlaumfjöllun um hryðjuverkaárásir til að reyna að koma í veg fyrir frekari hryðjuverk. Í samtali við The Guardian benti Jetter á að 42 manns deyja daglega í hryðjuverkaárásum, á meðan 7.123 börn deyja daglega úr hungri. Jetter leggur því til að fólk endurskoði tilfinningalega fjölmiðlaumfjöllun um hryðjuverk og að fjölmiðlar hætti að gefa hryðjuverkamönnum fría auglýsingu og þar af leiðandi þá athygli sem þeir leitast eftir. Einnig sagði hann að fréttir um aðra atburði, sem valda meiri skaða í heiminum en hryðjuverk, ættu ekki að vera vanræktar vegna eftirspurnar fjölmiðla eftir því að fjalla um grimmi hryðjuverk (Jetter, 2014: 43; Doward, 2015).

Umræða

Eins og hefur komið fram eru skoðanir fólks á fjölmiðlaumfjöllun um hryðjuverk mjög fjölbreyttar. Hryðjuverk hafa aukist það mikið í gegnum tíðina að þau birtast í fjölmiðlum nánast daglega. Sumir halda því fram að aukin fjölmiðlaumfjöllun um hryðjuverk geti leitt til frekari hryðjuverka og að fjölmiðlar eigi því ekki að gefa hryðjuverkamönnum fría auglýsingu fyrir málstað sinn. Samkvæmt því er fjölmiðlaumfjöllun og athygli þeirra súrefni hryðjuverkamanna sem þurfa á þeim að halda. Því hefur verið líkt við leikhús þar sem athygli er einnig súrefni þeirra. Aðrir eru ósammála því að umfjöllunin geti leitt til frekari hryðjuverka og tala fyrir mikilvægi fjölmiðlaumfjöllunar um hryðjuverk þar sem að fjölmiðlaumfjöllun á að vera frjálst í lýðræðissamfélögum, óháð því hversu óvinsæl og ógeðfelld umfjöllunin er. Einnig er talað um að almenningur hafi rétt á að vita hvað er að gerast og að fjölmiðlar geti róað hann með upplýsingum um hryðjuverkaárásir, eins og til að mynda þegar hryðjuverkin í New York áttu sér stað og fólk var vel upplýst. Einnig getur fjölmiðlaumfjöllun hjálpað með því að bera kennsl á eftirlýsta hryðjuverkamenn og komið þannig í veg fyrir frekari hryðjuverk.

Þrátt fyrir jákvæðu hliðarnar á fjölmiðlaumfjöllun um hryðjuverk þá geta einnig verið hættulegar hliðar á henni. Fjölmiðlar geta hjálpað hryðjuverkamönnum óviljandi, til að mynda með því að upplýsa almenning, og um leið hryðjuverkamenn, um áætlanir og staðsetningar fólks sem reynir að koma í veg fyrir árásir eða gíslatöku. Fjölmiðlar finna fyrir samkeppni andstæðinga sinna og vilja vera fyrstir með fréttirnar; dramatískar fréttir fá mikla athygli og fara því í forgang hjá þeim. Almennigur hefur rétt á að vita hvað er að gerast í kringum hann en fjölmiðlar þurfa þó að vera varkárir í hættulegum aðstæðum, því stundum er líf saklausra borgara í húfi; eins og til að mynda þegar flugrán átti sér stað og flugmaður var skotin til bana eftir að fjölmiðlar sendu út upplýsingar um að hann væri í sambandi við stjórnvöld. Annað vandamál við frétttaflutning um hryðjuverk er að fjölmiðlar geta verið of fljótir á sér og birt myndir af fórnarlömbum árásanna áður en aðstandendur eru látnir vita af árásinni og jafnvel af andláti ástvina. Einnig hefur fólk fært rök fyrir því að fjölmiðlar séu að notfæra sér hræðslu almennings til að fá meiri athygli og er það kallað fjölmiðlahryðjuverk. Þrátt fyrir að fjölmiðlar viti af þeim afleiðingum sem umfjöllun þeirra um hryðjuverk getur haft, þá er ekki hægt að segja að þeir séu að reyna að hjálpa hryðjuverkamönnum, heldur er markmið þeirra almennt séð fyrst og fremst að upplýsa almenning og fá athygli þeirra. Því gæti verið betra að nota hugtakið fjölmiðluð hryðjuverk (e. mass-mediated terrorism) til að lýsa samspili hryðjuverka og fjölmiðlaumfjöllunar.

Sambandinu á milli fjölmiðla og hryðjuverkamanna er þannig háttað að báðir aðilarnir græða á því; fjölmiðlar vilja vera fyrstir með fréttirnar og velja fréttir sem fá mikla athygli hjá áhorfendum. Hryðjuverkamenn fá fría auglýsingu fyrir málstað sinn; ef fjölmiðlar veittu þeim ekki athygli þá væri mjög erfitt, nánast óhugsandi fyrir hryðjuverkamenn að koma honum á framfæri. Hryðjuverkamenn þurfa þar af leiðandi fjölmiðla og fjölmiðlar græða á umfjöllun sinni um hryðjuverk.

David Miller fjallaði um breska fjölmiðlabannið ári áður en bannið var afnumið. Hann færði rök fyrir því að stjórnvöld hafi ekki komið í veg fyrir hryðjuverk, en hafi þess í stað komið í veg fyrir velgengni Sinn Féin, flokk lýðveldissinna, enda var banninu fyrst og fremst beint að þeim. Í því samhengi má einnig velta því fyrir sér hvort að markmið breskra stjórnvalda hafi ef til vill verið að reyna að koma vel út fyrir almenningi með

banninu, og þau notað fjölmiðla til þess; skilaboðin hafi verið þau að stjórnvöld væru að koma í veg fyrir frekari hryðjuverk. Eins og Jenkins fjallaði um árið 2003 þá geta ríkisstofnanir notað fjölmiðla í þeim tilgangi að fá jákvæða athygli og umfjöllun. Þrátt fyrir það var markmið breskra stjórnvalda með banninu fyrst og fremst að koma í veg fyrir hryðjuverk, og fyrir þeim tókst það að einhverju leyti; til að mynda gerði IRA vopnahlé tveimur vikum áður en bannið var afnumið.

Einnig er ljóst að fólk finnur oftast leiðir til að komast fram hjá bönnum sem gerir þau merkingarlaus; um leið og fólk finnur leið, án þess að brjóta löginn og lenda í vandræðum, missir bannið samstundis mark sitt. Fjölmiðlar fundu einmitt leið til að komast fram hjá banninu við fjölmiðlaumfjöllun um IRA; þeir fengu leikara til þess að talsetja viðtöl við samtökin, þar sem félagar samtakanna máttu sjást í mynd en rödd þeirra mátti ekki heyrast. Með því að banna eitthvað getur fólk einnig vakið enn meiri athygli á efninu og jafnvel gert það spennandi; eins og sumir bentu á þá gat fjölmiðlabannið um IRA gefið þeim enn meiri athygli.

Æsifrættamenska er orð sem fólk hefur notað fyrir fjölmiðla sem leitast eftir því að fá mikla athygli með því að birta fréttir um ofbeldi, spennu og fyrirsagnir sem fanga strax athygli almennings. Þar sem fjölmiðlar eru í samkeppni við aðra fjölmiðla geta þeir magnað upp áhrif á fólk með framsetningu mynda og myndbanda af hryðjuverkaárásum til að auka vinsældir sínar. Dæmi um það er þegar vitni á staðnum sögðu að fjölmiðlar hefðu ýkt árásum með umfjöllun sinni. Á Vesturlöndum deyja mun færri vegna hryðjuverkaárása en í öðrum löndum. Þrátt fyrir það hefur fjölmiðlaumfjöllun um hryðjuverkaárásir skapað meiri ótta meðal almennings. Í myndinni *Bowling for Columbine* kemur meðal annars fram að á meðan morðtíðni í Bandaríkjunum minnkaði um 20% þá sjöfaldaðist bandarísk fjölmiðlaumfjöllun um morð; á meðan glæpum fækkar þá eykst samt hræðslan hjá fólki vegna þess að það fær það á tilfinninguna að bandarískt samfélag sé mun hættulegra en það er í raun og veru (Donovan o.fl., 2002).

Í fyrsta þættinum af bresku þáttaröðinni *How TV ruined your life* fjallar þáttastjórnandinn Charlie Brooker um óþarfa ótta sem fjölmiðlar geta skapað með umfjöllun sinni. Í þættinum segir Brooker að í dag höfum við minna að óttast en nokkurn

tíma áður, en fjölmiðlar geri okkur hinsvegar hrædd. Það gera þeir með dramatískri umfjöllun sinni í sjónvarpinu sem vekur upp meiri áhrif og ótta hjá almenningi sem er nú ekki lengur óhultur á heimilum sínum; hann situr og horfir á sjónvarpið sem segir honum frá öllu því slæma sem gæti hent hann. Fjölmiðlar skapa ótta og hafa áhrif á áhorfendur með því að birta allskonar forvarnarauglýsingar sem fjalla um mataræði, öryggi í umferðinni, ölvunarakstur og áfengisneyslu ungmenna svo dæmi séu tekin. Fjölmiðlar tengja þannig umfjöllunina við daglegt líf fólks og skapa þannig ótta til að fá sem mesta athygli hjá því. Einnig fá börn snemma skilaboð um hvað sé hættulegt og hvernig þau eigi að haga sér þar sem barnaefnið getur einnig skapað ótta og minningar (Brooker og Jones, 2011).

Einnig fjallar þátturinn um að í kalda stríðinu sýndu fjölmiðlar myndbönd af kjarnorkusprengingum og hvernig fólk gæti búið sig undir þær; með því sendu þeir þau skilaboð að allir gætu dáið í kjarnorkustyrjöld. Fréttastöðvar birta myndbönd af hryðjuverkaárásum og geta með umfjöllun sinni gefið í skyn, eins og með kjarnorkusprengingarnar áður fyrr, að hver sem er gæti orðið næsta fórnarlamb hryðjuverkaárása. Fólk getur þar af leiðandi horft á sjónvarpið og haldið að ofbeldi sé að aukast meðan það er í rauninni að minnka, vegna þess að umfjöllun fjölmiðla getur gefið bjagaða mynd af því sem er að gerast í veruleikanum. Brooker segir að það sem sé mest ógnvekjandi sé hvernig fjölmiðlar komast upp með það að senda þessi skilaboð sem skapa óþarfa ótta (Brooker og Jones, 2011).

Verðlaunamyndin *Bowling for Columbine* kom út árið 2002 og fjallar um byssunotkun í Bandaríkjunum. Í myndinni gagnrýnir höfundur hennar, Michael Moore, einnig óþarfa ótta sem bandarískir fjölmiðlar skapa með umfjöllun sinni. Moore sýnir í byrjun myndarinnar hversu auðvelt er að eignast byssur í Bandaríkjunum; einungis þarf að fylla út eyðublað. Hann tekur viðtöl við Bandaríkjamenn sem telja sig þurfa á byssum að halda inni á heimilum sínum til að vernda sig og fjölskylduna. Árið 1999 gengu tveir vopnaðir nemendur um Columbine menntaskólann og drápu 12 nemendur og einn kennara, og særðu marga áður en þeir frömdu báðir sjálfsmorð. Talið er að þeir hafi keypt byssurnar með löglegum hætti í búð og á byssusýningum, ásamt því að hafa keypt byssuskotin í K-Mart búð neðar í götunni. Eftir árásina var það gagnrýnt hversu auðvelt

væri fyrir ungmenni að kaupa byssur og sagði eitt foreldri fórnarlamb að það væri eitthvað rangt við land sem gerir það mögulegt. Moore tekur viðtal við Marilyn Manson sem talar um að fjölmiðlar noti sjónvarp til að hræða fólk og tekur til að mynda dæmi með Colgate auglýsingar; ef þú ert andfúll þá talar fólk ekki við þig (Donovan o.fl., 2002).

Moore skoðar tölfræðina yfir það hversu margir voru drepnir á árinu með byssum og ber saman nokkur lönd. Til að mynda voru 68 drepnir með byssum í Bretlandi, 165 í Kanada, 255 í Frakklandi, 381 í Þýskalandi en 11.127 í Bandaríkjunum. Þá leitast Moore við að svara spurningunni: Hvað er svona öðruvísi við Bandaríkin? Margir Bandaríkjamenn telja að fjölskylduvandamál og hjónaskilnaðir hvetji til ofbeldis ungmenna en skilnaðir eru algengari í Bretlandi. Sumir benda þá á fátækt í Bandaríkjunum sem mögulega orsök. Þrátt fyrir það er atvinnuleysi í Kanada helmingi meira en í Bandaríkjunum. Einnig kemst Moore að því að Kanadabúar eiga 7 milljónir byssur á 10 milljónum heimilum. Fólk bendir gjarnan á ofbeldisfulla sögu Bandaríkjanna sem inniheldur blóðugt stríð á milli kúreka og indjana. Þá bendir Moore á það að saga Þýskalands sé einnig ofbeldisfull (Donovan o.fl., 2002).

Moore fór til Kanada og tók viðtöl við fólk sem virtist vera mun afslappaðra en Bandaríkjamennirnir sem hann talaði við; til að mynda telja Kanadabúar að þeir búi í góðu samfélagi og læsa margir þeirra ekki heimilum sínum, en Moore sagði Bandaríkjamenn hafa þrjá lása. Hann benti á að fjölmiðlaumfjöllunin þar var mjög ólík þeirri bandarísku og taldi það hafa mikil áhrif; æsifrættamennskan virtist vera mun minni í Kanada og umfjöllunin skapaði að hans sögn ekki óþarfa ótta. Sagði hann í því sambandi að þegar Bandaríkjamenn kveiki á sjónvarpinu og horfi á fréttirnar þá blasi oft við þeim fréttir sem gefi í skyn að Bandaríkin séu ógnvekjandi staður. Fólk fái þannig stanslaust þær upplýsingar að eitthvað hræðilegt gæti gerst. Dæmi um það er þegar fjölmiðlar hræddu fólk af því að það var talið að banvænar býflugur myndu koma til Bandaríkjanna frá Afríku, sem gerðist síðan aldrei. Annað dæmi er frétt frá hrekkjavöku í Bandaríkjunum þar sem rakvélarblað fannst í epli. Eftir það voru margir sem vildu ekki gefa sælgæti á hrekkjavöku því þeir voru of hræddir og fannst það of hættulegt. Síðar kom í ljós að það var aldrei rakvélarblað í eplinu. Síðustu 40 árin höfðu tvö börn dáíð vegna sælgætis á Halloween og það vegna þess að ættingjar þeirra höfðu eittrað viljandi fyrir þeim. Eftir

hryðjuverkin í New York árið 2001 jókst hræðsla fólks og sala á byssum. Fólk varð taugaveiklað og vissi ekki hvort það yrði næsta fórnarlamb hryðjuverkaárása; fyrir mörgum Bandaríkjamönnum gátu allir í kringum þá verið hryðjuverkamenn. Moore segir þá að almenningur, sem er svo fullur af hræðslu eftir hryðjuverkin í New York, ætti ekki að vera með byssur út um allt (Donovan o.fl., 2002).

Samkvæmt þessu geta fjölmiðlar gefið bjagaða mynd af raunveruleikanum og skapað óþarfa ótta. En hvað er þá til ráða? Er raunhæft að banna fjölmiðlaumfjöllun um hryðjuverk í lýðræðisríkjum? Með tilkomu samfélagsmiðla þurfa hryðjuverkamenn ekki endilega að fá athygli fjölmiðla og að fá umfjöllun í dagblöðum og sjónvarpi, en stundum leitast þeir þó sérstaklega eftir því. Breska fjölmiðlabannið við hryðjuverkaumfjöllun var framkvæmanlegt áður fyrr þar sem samfélagsmiðlar voru ekki til staðar, svo einungis þurfti að hefta frelsi dagblaða, útvarps- og sjónvarpsútsendinga. Í dag nota hinsvegar margir hryðjuverkamenn snjalltæki eða myndavélar til að taka sjálfir upp árásir sínar, sem þeir birta síðan á samfélagsmiðlum eða senda til fréttastöðva. Sumir þeirra reiða sig þó ennþá á athygli fjölmiðlanna eða vegfarenda sem taka árásirnar upp á snjallsímana sína, og oft eru myndir þeirra og myndbönd birt í fjölmiðlum (Burke, 2016).

Þar af leiðandi má segja að það sé óraunhæft að banna fjölmiðlaumfjöllun um hryðjuverk í dag; þrátt fyrir að dagblöð og sjónvarpsstöðvar myndu hætta að fjalla um hryðjuverk, þá gætu hryðjuverkamenn alltaf notað einhvern samfélagsmiðil til að koma málstað sínum á framfæri, til að mynda Facebook eða Twitter. Samkvæmt öllum þeim þáttum sem komu fram í verkefninu má álykta að frekar ætti að leggja áherslu á að skoða hvernig fjölmiðlar fjalla um hryðjuverk en ekki hvort þeir ættu að gera það, því ljóst er að hryðjuverkamenn geta alltaf notað samfélagsmiðla til að koma skilaboðum sínum á framfæri ásamt því að almenningur mun alltaf veita hryðjuverkum athygli.

Heimildaskrá

- Barrat, D. (1986). *Media Sociology*. London: Tavistock Publications.
- Biernatzki, W. (2002). *Terrorism and Mass Media*. Sótt þann 29. nóvember 2016 af http://cscs.scu.edu/trends/v21/v21_1.pdf
- Brooker, C. (höfundur) og Jones, A. (framleiðandi). (2011). *How TV ruined your life*. (Sjónvarpsþáttaröð). Bretland: Zeppotron.
- Brynhildur Ólafsdóttir. „Hver er munurinn á hermanni og hryðjuverkamanni?“ *Vísindavefurinn*, 11. júní 2002. Sótt þann 26. október 2016. <http://visindavefur.is/svar.php?id=2478>.
- Burke, J. (2016). „How the changing media is changing terrorism. Just like news organisations, terrorists need an audience – and both have adapted their tactics to keep your attention.“ *The Guardian*. Sótt þann 19. desember 2016 af <https://www.theguardian.com/world/2016/feb/25/how-changing-media-changing-terrorism>
- Cohen, B. (1963). *The Press and Foreign Policy*. New Jersey: Princeton University Press.
- Davíð Logi Sigurðsson. „Af hverju er Norður-Írland ekki sjálfstætt?“ *Vísindavefurinn*, 25. júní 2004. Sótt þann 25. október 2016. <http://visindavefur.is/svar.php?id=4374>.
- Donovan M., Bishop C. (framleiðendur) og Moore, Michael. (leikstjóri). (2002). *Bowling for Columbine* (Kvikmynd). USA: Alliance Atlantis Communications.
- Doward, J. (2015). „Media coverage of terrorism ‘leads to further violence’.“ *The Guardian*. Sótt þann 30. nóvember 2016 af <https://www.theguardian.com/media/2015/aug/01/media-coverage-terrorism-further-violence>
- Jetter, M. (2014). *Terrorism and the Media*. Sótt þann 11. nóvember 2016 af <http://citeseerx.ist.psu.edu/viewdoc/download?doi=10.1.1.688.8159&rep=rep1&type=pdf>

- Matusitz, J. (2013). *Terrorism & Communication. A critical Introduction*. California: SAGE Publications.
- McCombs, M. (2004). *Setting the Agenda: The Mass Media and Public Opinion*. Cambridge: Polity Press.
- McNair, B. (2006). *Cultural Chaos*. New York: Routledge; Taylor & Francis Group.
- McQuail, D. (2010). *McQuail's mass communication theory*. London: SAGE Publications.
- Miller, D. (1993). „Media: Northern Ireland: a story stifled: David Miller argues that the five-year-old broadcasting ban has failed to halt terrorist bombings and killings. Instead it has succeeded in hampering Sinn Fein, a legal political [sic] party.“ *Independent*. Sótt þann 3. nóvember 2016 af <http://www.independent.co.uk/news/media/media-northern-ireland-a-story-stifled-david-miller-argues-that-the-five-year-old-broadcasting-ban-1510377.html>
- Nacos, L. B. (2002). *Mass-mediated terrorism: The Central Role of the Media in Terrorism and Counterterrorism*. Maryland: Rowman & Littlefield Publishers.
- Norris o.fl. (2003). *Framing Terrorism: The News, the Government and the Public*. England: Routledge; Taylor & Francis Group.
- Philo, G. (1995). *Glasgow Media Group Reader: Volume 2*. London: Routledge.
- Rolston, B. (1991). *The Media and Northern Ireland*. Sótt þann 2. nóvember 2016. <http://cain.ulst.ac.uk/othelem/media/moloney.htm>
- Slocum, D. J. (2005). *Terrorism, Media, Liberation*. New Jersey: Rutgers University Press.
- The Southeast Missourian*. (1994). „Britain ends broadcast ban, promises referendum on future.“ Sótt þann 7. nóvember 2016 af <https://news.google.com/newspapers?nid=1893&dat=19940917&id=RbAfAAAAlBAJ&sjid=99YEAAAAlBAJ&pg=3813,2686744>
- Walsh, I.J. (2010). *Media Attention to Terrorist Attacks: Causes and Consequences*. Sótt þann 26. nóvember af <http://www.jamesigoewalsh.com/ihss.pdf>

Welch, F. (2005). „The 'broadcast ban' on Sinn Fein.“ *BBC*. Sótt þann 2. nóvember af <http://news.bbc.co.uk/2/hi/4409447.stm>

Wieviorka, M. (1993). *The Making of Terrorism*. (Þýðing: David Gordon White). Chicago: University of Chicago Press.

Wilkinson, P. (2011). *Terrorism Versus Democracy: The Liberal State Response*. England: Routledge; Taylor & Francis Group.

Williams, R. (1995). „Broadcasters welcome end to 'censorship'.“ *Independent*. Sótt þann 2. nóvember af <http://www.independent.co.uk/news/uk/broadcasters-welcome-end-to-censorship-1449238.html>